

Kveikjur út frá skynjun, sköpun og útinám

Kveða jóðmæli

Rannsaka jóðmæli t.d. með því að finna og læra mismunandi barngælur (sjá t.d. <https://bragi.arnastofnun.is/ljod.php?FL=30>). Hverjum viljum við gefa jóðmæli? Ákveða og rannsaka það sem að við viljum að komi fram í jóðmælinu. Hvaða eiginleika teljum við mikilvægt að hafa fyrir lífið og af hverju? Skrifa það niður fyrir börnin, leyfa þeim að teikna mynd við textann og svo geta þau gefið jóðmælin.

Búa til hafgýgi

Hálfur fiskur og hálf kona. Hvernig lítur það út? Rannsaka fiska, t.d. koma við og kryfja. Bera saman fiska við mannfólk. Hvernig er að synda með sporð eða fætur, hvernig er að ganga með sporð? Búa til eigin hafgýgi. Hægt að byrja með því að teikna en svo er einnig hægt að gera hafgýgi í þrívídd.

Svæfandi tónlist

Hafgýgir svæfa allar skepnur með söngrodd sinni. Við getum hlustað á mismunandi tónlist og séð hvernig okkur líður. Er einhver tónlist sem að svæfir okkur? Velja nokkur lög sem við getum sungið með mismunandi bakgrunnstónlist. Gætum notað hljóðfæri eða farið út og sungið með vindinn eða hafið sem bakgrunnstónlist. Tekið það upp og hlustað á og velt fyrir okkur útkomunni.